

Stjórnarfundur Álfavina, haldinn 7.febrúar 2024 á Álfastein kl. 20.

Mættar eru: Hugrún Ósk, Sandra, Sunna, Lilja, Linda og Jóhanna.

Á dagskrá fundarins er starfsemi félagsins fram á vor.

1. Öskudagur er miðvikudaginn 14.febrúar. Ákveðið að kaupa rúsínur í litlum pökkum sem verður í tunnunni. 62 börn eru í leikskólanum á þessum tíma.
2. Tannverndardagur verður 8.mars. Ákveðið að athuga með litlar túpur af tannkremi hjá heildsala til að gefa börnunum. Þá verða börnin orðin 63 í leikskólanum.
3. Vorhátíð. Ákveðið að taka hoppukastala eins og hefur verið gert og prófa aftur tombóluna.
4. Sveitaferð. Stefnt að sveitaferð í vor, bjóða jafnvel uppá muffins og mjólk, getum þá bakað muffinsið sjálf.
5. Leiksýning. Þá ætti að vera afgangur til að fá leiksýningu í leikskólann. Ákveðið að athuga með skrímslasýninguna sem er í sýningu hjá Leikfélagi Akureyrar.
Fundu slitið kl. 21.30